

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

870. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. maí 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Afgreiðslur:

- 1. 1504042 Skólaakstur: niðurstaða úr opnun tilboða í skólaakstur árin 2015/2016 – 2018/2019.** Lögð fram og yfirfarin tilboð sem bárust í skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárin 2015/2016 til 2018/2019.

Byggðarráð samþykkir að taka lægstu tilboðum sem eru eftirfarandi.

Leið 1 Jarðlist ehf. kr. 139 á km

Leið 2 Jarðlist ehf. kr. 125 á km

Leið 3 Húnavirki ehf. kr. 149 á km

Leið 4 Húnavirki ehf. kr. 179 á km

Leið 5 Þorsteinn B. Helgason kr. 184,9 á km

Leið 6 Tryggvi R. Hauksson kr. 219 á km

Leið 7 Ágúst Þorbjörnsson kr. 179 á km

Leið 8 Lag ehf. kr. 155 á km

Leið 9 Lag ehf. kr. 145 á km

Leið 10 Húnavirki ehf. kr. 147 á km.

Í samræmi við ofangreint samþykkir byggðarráð að fela sveitarstjóra að tilkynna hlutaðeigandi ofangreindar afgreiðslur með formlegum hætti

- 2. 1505010 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

Lögð fram umsókn um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags í maí og júní skólaárið 2014/2015. Byggðarráð samþykkir umsóknina.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:42

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir